

**Ed.**

**440. Nefndarálit**

[158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Tekjuskattslög þarfnast breytinga í grundvallaratriðum. Tryggja þarf að rekstraraðilar greiði tekjuskatt með eðlilegum hætti og standi þannig undir sanngjörnum hluta af sameiginlegum útgjöldum landsmanna. Frádráttarliðum ber að fækka bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum og koma á staðgreiðslukerfi.

Í þessu sambandi vísar 2. minni hl. til ítarlegrar stefnumörkunar sem fram kom í þingsályktunartillögu um skattamál sem undirritaður flutti s.l. vetur fyrir hönd Alþýðubandalagsmanna.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því einu að lækka tekjuskatt um 300 millj. kr. eftir að stjórnarflokkarnir hafa áður gert hvort tveggja: að hækka tekjuskattinn um 600 millj. kr. í sumar og skerða lögbundnar tekjur sveitarfélaga um 300 millj. kr. nú við afgreiðslu fjárlaga. Hið seinna mun sennilega valda hækkun fasteignaskatta og útsvara hjá sveitarfélögum um svipaða upphæð og er þá útkoman orðin heldur dapurleg fyrir skattgreiðendur.

Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2.–3. tölul. falli brott.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
  31. gr. laganna breytist þannig:
    - a. 3. tölul. orðist svo: Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990 en þá falli heimildir samkvæmt þessari málsgrein niður.
    - b. 4. tölul. orðist svo: Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990 en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst skv. fyrri másl., má draga frá skattskyldum tekjum.
    - c. 11. tölul. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.
    - d. Í stað 11. tölul. komi nýr tölul. er orðist svo: Heimilt er framleiðslufyrirtæki að draga frá hagnaði annað hvert ár allt að 5% vegna rannsóknar-, þróunar- og markaðsstarfs á vegum fyrirtækisins. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.
3. Við bætist ný grein sem verði 3. gr. og orðist svo:

Tölur í 38. gr. laganna breytast sem hér segir:

  - a. 1. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
  - b. 2. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
  - c. 3. tölul. Í stað „15%“ komi: 12%.
  - d. 4. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
  - e. 7. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
4. Við bætist ný grein sem verði 5. gr. og orðist svo:

Við 52. gr. laganna bætast nýir tölul. sem orðast svo:

  4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa árlega út reglur um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
  5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
5. Við bætist ný grein sem verði 6. gr. og orðist svo:

54. gr. til og með 55. gr. B í lögnum falli brott.
6. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Í stað „34 705“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 64 000.
7. Við bætist ný grein sem verði 11. gr. og orðist svo:

2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna orðist svo:  
Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1987, 3% 1988, 2% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem til er stofnað vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjaldþaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.

Alþingi, 18. des. 1986.

Ragnar Arnalds.